

1872.

14. ágúst.

stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að þér haldið launum þeim, sem þér nú hafið sem settur héraðslæknir, á meðan þér kunið að vera fjærverandi í því skyni, sem fyr var getið, en með því skilyrði, að þér á eigin kostnað látið mann, sem hlutaðeigandi amtmaður setur til þess, stjórna embættinu; að öðru leyti er það sjálfsgagt, að þó yður sè vilnað í þessu, þá er ekki þar með viðurkennt, að þér sèuð hæfilegur til að fá veitingu fyrir embættinu".

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar útaf bræfi yðar, dagsettu 24. f. m., yður til leiðbeiningar, og skal því við bætt, að vèr sòmuleiðis höfum skrifað amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu um þetta.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um varnir gegn kvikfjárpest.

14. ágúst.

Sökum þess, að kvikfjárpest er nú á Þýzkalandi, hefir stjórnarráðið fundið ástæðu til fyrst um sinn að banna, að nokkuð verði flutt til Íslands þaðan af nautpeningi, sauðfenaði og geitum, eða neinu hráu af tæðum skepnum, svo sem eru húðir og skinn, hvort sem þau eru þurkuð eða söltuð, horn, klaufir, hófar, ull, hár, óhangið kjöt, mör og fl. Öll önnur tamin dýr, sòmuleiðis hey og hálm, sem flyzt til Íslands, skal fara svo með, að taka úr því sóttnæmið, sem í því kann að vera, áður en það verður flutt í land.

Þetta gefum vèr yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það almennungi, á þann hátt, sem yður finnst best henta, og jafnframt og bent skal til auglýsingar þeirrar, sem innanríkisstjórnin hefir látið útganga 9. þ. m. um varnir gegn kvikfjárpest frá Þýzkalandi (Dönsk Lagatíðindi, nr. 106) og auglýsingar þeirrar 7. marz. 1866 frá tæðu stjórnarráði, sem vèr áður höfum

1872.

14. ágúst.

sent stiptamtinu¹, mælumst vèr til, að fá álit yðar um, hverjar ráðstafanir muni hagfelldastar, eptir því hvernig til hagar á Íslandi, til þess, að koma í veg fyrir, að kvikfjárpest og yfirhöfuð næmar sóttir meðal taminna dýra komist þangað.

14. ágúst.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um bænarskrá um stofnun prentverks í suðurumdæminu.

Með bræfi, dagsettu 26. f. m., hafa stiptyfirvöldin sent hingað nákvæmari upplýsingar, sem stjórnarráðið hafði mælt til í bræfi 18. maí að fá, útaf bænarskrá þeirri, sem fyr hafði borizt hingað, þar sem fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson sækir um leyfi til að stofna prentsmiðju í suðurumdæmi Íslands, og láta prenta þar hvað eina, sem fyrir fellur.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir innihaldi álitsskjals yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 13. marz. þ. á., um tæða bænarskrá, og þeim upplýsingum, sem vèr að öðru leyti höfum fengið, finnur stjórnarráðið ekki tilefni til að veita það leyfi, sem sókt er um.

¹) Auglýsingin er prentuð í Stjórnarráðatíðindum Dana (Departments-Tidende) 1866 og hinu danska Lagasafni, en hefir aldrei verið birt á Íslandi.